

Fundargerð stjórnar Sprotasjóðs 14. febrúar 2019.

Mætt voru í mennta- og menningarmálaráðuneytið: Björk Óttarsdóttir (BÓ), formaður stjórnar, Sonja Dögg Pálsdóttir (SDP) frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu, Svandís Ingimundardóttir (SI) frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Jón Torfi Jónasson (JTJ), skipaður af háskólastiginu. Sigrún Vésteinsdóttir umsýsluaðili Sprotasjóðs sat fjarfund í Háskólanum á Akureyri. Björk setti fundinn kl. 9:40 Sigrún Vésteinsdóttir (SV) var fundarritari.

Farið var yfir síðustu umsókn sem átti eftir að fara yfir og gengið frá úthlutun.

Stjórn telur mikilvægt að skoða hvernig sjóðurinn kemur upplýsingum á framfæri til skóla út á landsbyggðinni um það hvernig þeir geti sótt um og hvernig þeir geta fengið stuðning til að sækja um. Mikilvægt að skoða þetta í samvinnu við Grunn. Taka enn frekari umræðu um þetta á fundi stjórnar í apríl. AMG talaði um að hún gæti verið í samskiptum við skólastjóra framhaldsskólanna og komið á samstarfi við það félag. Mikilvægt að vera í samskiptum við skólastjórafélögin til að reyna að efla enn frekar skóla út á landi.

Næsti fundur áætlaður 23. apríl. Þar sem nýr starfsmaður sjóðsins verður kynntur þar verður einnig rætt um verklag sjóðsins, upplýsingaflæði og 10 ára afmæli sjóðsins á þessu ári. Stjórn vill einnig ræða hugmyndir að því hvernig megi hugsanlega efla sjóðinn í tilefni afmælisins.

Mikilvægt að sjóðurinn koma betur á framfæri upplýsingum til umsækjenda og að hægt sé að leiðbeina umsækjendum enn frekar.

Stjórn telur miður að hafa ekki getað styrkt fleiri góðar umsóknir þar sem ekki var sótt um rétta þætti til sjóðsins. Mikið af áhugaverðum verkefnum, sótt um kostnaðarþætti sem sjóðurinn styrkir ekki en aðrir sjóðir styrkja.

Umsóknir sem hlutu styrk dreifðust með eftirfarandi hætti eftir áherslusviðum:

Efling íslenskrar tungu: 8 umsóknir

Lærdómssamfélag í samvinnu innan eða milli kerfa: 12 umsóknir

Færni til framtíðar: 22 umsóknir

Annað: 2 umsóknir

Rætt var um að fyrir næsta fund Sprotasjóðs þurfi stjórn að huga að þeim möguleika að taka upp öndvegisstyrki og einnig hvernig megi efla samstarf milli sjóða.

BÓ sagði frá því að í október yrði dagur kennara og lagði til að fyrir þann dag myndi sjóðurinn vera tilbúin að kynna áherslusvið sín fyrir komandi úthlutunartímabil.

JTJ vill að stjórn sjóðsins taka upp og ræði hvert sé faglegt hlutverk sjóðsins varðandi þróunarstarf í skólum. Sjóðurinn eigi að vera meira en úthlutunaraðili, eigi jafnframt að vera sprotahvati. Stjórn er sammála að þetta þurfi að ræða frekar og að leggja þurfi fram tillögu til ráðherra um það hvernig efla megi sjóðinn enn frekar á þessu afmælisári.

Í lok fundar var rætt stuttlega um að umsýsluaðili myndi skoða drög að já og nei bréfum til umsækjenda sjóðsins og senda til stjórnar til skoðunar áður en þau eru send út.

Fundi slitið kl. 14:30